

Tillaga A 2006/PRE
Flytjandi Norræn vinstri græn
Afgreiðsla Forsætisnefnd

Þingmannatillaga um að norrænu löndin hagi málum í samræmi við niðurstöður Alþjóðadómstólsins

Norræn vinstri græn leggja til að Norðurlandaráð beini tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna um

að þær sjái til þess að löndin beiti sér fyrir að Ísrael fari eftir dómum Alþjóðadómstólsins (ICJ) um hernám og aðskilnaðarstefnu,

að þær styðji kæru Suður-Afríku gegn Ísrael til Alþjóðadómstólsins í Haag fyrir brot gegn sáttmálanum um þjóðarmorð,

að þær standi við bakið á ICC og ICJ svo að dómstólarnir hafi næg úrræði til að rannsaka brotin, og

að þær beiti sér fyrir því að Palestína öðlist viðurkenningu sem ríki.

Bakgrunnur

Í sögulegri yfirlýsingu Alþjóðadómstóls Sameinuðu þjóðanna (ICJ) í Haag er því slegið föstu að hernám Ísraels í Palestínu sé ólöglegt og fari gegn sjálfsákvörðunarrétti Palestínumanna. Samkvæmt dómstólnum ber Ísrael tafarlaust að hverfa frá hernumdu svæðunum í Palestínu og flytja brott landnámsmenn og hafa sig burt af svæðinu og bjóða þeim skaðabætur sem orðið hafa fyrir skakkaföllum. Alþjóðadómstóllinn komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að Ísrael fylgi í raun aðskilnaðarstefnu.

Auk þess slær dómstóllinn því föstu að kerfisbundin mismunun sem Palestínumenn sæta af hendi Ísraels á hernumdu svæðunum sem Ísrael hertók árið 1967, Vesturbakkanum, Gasa, Gólanhæðum og austurhluta Jerúsalem, sé ólögleg. Dómstóllinn álitur að öll lönd eigi að gera greinarmun á Ísraelsríki og hernumdu svæðunum. Önnur ríki eigi ekki að heldur að viðurkenna hernám palestínskra svæða.

Rannsóknin varðar hernám Ísraels á Vesturbakkanum, Gasa og austurhluta Jerúsalem árið 1967. Verður meðal annars farið yfir löggjöf á svæðunum sem talin er mismuna Palestínumönnum. Því miður hefur Ísrael ekki látið dóminn sig neinu skipta.



Ein þeirra rannsókna sem fram fer á vettvangi Alþjóðadómstólsins er rannsókn um brot gegn sáttmálanum um þjóðarmorð. Suður-Afríka lagði fram kæru á hendur Ísrael vegna þjóðarmorðs 29. desember 2023. Dómstóllinn hefur gefið út að Ísrael verði að grípa til allra tiltækra ráða til að koma í veg fyrir þjóðarmorð og 24. maí fyrirskipaði dómstóllinn Ísrael að stöðva framrás hers síns í Rafah. Niðurstöðunni hefur enn ekki verið hlítt.

Jafnframt fer fram rannsókn af hálfu Alþjóðlega sakamáladómstólsins (ICC) á stríðsglæpum. Kæran beinist gegn Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og Yoav Gallant, varnarmálaráðherra Ísraels. Kærurni var einnig beint gegn þremur æðstu leiðtogum Hamas en enginn þeirra er lengur á lífi.

Miklu skiptir að norrænu löndin hagi málum í samræmi við alþjóðasakamáladómstólinn ICC og standi vörð um lögmæti hans og stöðu. Það eru hagsmunir Norðurlanda og allra lítilla fullvalda ríkja að stofnanir séu virtar sem berjast fyrir alþjóðarétti og mannréttindum. Norrænu löndin ættu að beita sér gegn því að alþjóðastofnanir veiklist vegna tvöfalds siðgæðis varðandi hvern við teljum að eigi að draga fyrir dómstóla til að svara til saka fyrir brot gegn alþjóðarétti og mannréttindum. Séum við ekki samkvæm sjálfum okkur í þessum efnum mun það einnig grafa undan trúverðugleika Norðurlanda sem landa sem hafa lýðræði, grundvallarreglur réttarríkisins og mannréttindi skilyrðislaust í hávegum.

Reykjavík, 28. október 2024

Jette Gottlieb (Ø)

Kathy Lie (SV)

Liljan Weihe (T)

Lorena Delgado Varas (V)

Mariane Paviasen (IA)

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Tobias Drevland Lund (R)

Veronika Honkasalo (VF)